

# „Ég verð að muna eftir að standa uppréttur“

Eyri við Fáskrúðsfjörð er líklega eitt fallegasta bæjarstæði landsins. Þar hefur Jón Úlfarsson búið einn í 25 ár og tók upp á því nú síðast að læra nóturnar og spila á orgel sér til yndis og afþreyingar. **Steinunn Ásmundsdóttir** vitjaði hans og innti eftir tíðindum fyrr og nú.

Vetrarsól bleikir völdug fjöll er umlykja Fáskrúðsfjörð á stilltum vetrardegi, þegar rennt er í hlaðið á Eyri. Þar kemur til dyra í tvílyftu timburhúsi Jón Úlfarsson, einbúi í aldarfjórðung, teinréttur og hýr á brún og brá þrátt fyrir árin sín áttatíu og sjö. Hann býður komumanni í bæinn og til sætis í gamla skipstjórastólinn sem stendur í öndvegi við eldhúsborðið. Lagt hefur verið á borð fyrir tvo með fínasta kaffistelli og kaffi og nýbókuð kaka á miðju borði, eggjakaka sem á uppruna sinn hjá landnáms hænum Jóns, búandi í skemmu gegnt íbúðarhúsinu.

Eftir að almenn og hvunn dagsleg tíðindi hafa verið reifuð um stund viku talinu að Jóni sjálfum. Hann segist vera fæddur í Dagsbrún á Vattarnesi og hafi búið á Eyri frá 1947. Hann bjó fram til 1982 með konu sinni Þórunni Sigurðardóttur en segir hana hafa skilað sér um það leytið og hann búið einn síðan.

„Ég var alltaf sjómaður, í útgerð og fiskverkun, aldrei neinn bóndi þó maður væri svo sem lengst af með fé,“ segir Jón.

„Ég gerði út sjálfur eftir að við Þórunn byrjuðum að búa. Var bæði á sjó með föður mínum og á vertíðum í Vestmannaeyjum, Sandgerði og víðar. Ég ólst upp á bátum hans pabba, 1,42 tonna árabát og minn fyrsti bátur var sömu stærðar, en upp úr því fóru menn nú að setja vélar í báta.“ Til dæmis setti Jón vél úr Austin Gypsi-jeppa í bát sinn og boddífið notaði hann sem stýrishús. Svo var farið á sjó í blindsvarta þoku. Annar bátur var nokkuð nálægt og með strák í stafni að horfa fram fyrir. Þá kallar hann til skipstjórans: „Heyrðu manni, ertu ekki kominn nokkuð grunnt, hér kemur jeppi!“ Þennan bát á Jón enn.

Hann segist hafa haft gaman af að kljást við hafið. Einhvern tíma sigldi hann einn suður fyrir land á vertíð. „Þetta er eins og hjá hestamönnum sem temja hestana sína og fá út úr þeim fimmgang og hvaðeina; þegar ég var kominn á bát sem gekk 28 mílur og veðrið vont var virkilega gaman. Þá gat maður stokkið af einum brotsjó á annan. Ég lærði að sigla af pabba mínum og gekk undireins vel að fiska.“


## Sér hvað konurnar hugsa

Við göngum til gljáfægðrar og haganlegrar stofu og á leiðinni þangað rekur blaðamaður augun í spegil einn mikinn í fullri líkamsstærð. „Æ, mér fannst fyrir nokkru að kroppurinn væri heldur að bogna, fór í að kaupa mér spegil í fullri líkamsstærð og setti í framstofuna. Þegar ég geng fyrir spegilinn minnir hann mig á að rétta vel úr mér og ég er líka aftur orðinn teinréttur. Ég verð bara að muna eftir að standa uppréttur. Mér fannst nú ekki passa fyrir Jón á Eyri að vera boginn eins og gömlu mennirnir, svo ég fékk mér spegilinn.“

Hann segist sterkur og vel hraustur, finnur hvergi til og hefur lítið fyrir að labba upp brekkur. Augu hans voru lagfærð nýlega og eftir það sér hann gegnum holt og hæðir. Hann hafði á orði í félagsvist eftir aðgerðina í vetur að nú sæi hann



Horft til Skrúðsins Jón Úlfarsson á Eyri við Fáskrúðsfjörð elur æðarfugl og landnáms hænur og er ósínkur á góðar sögur af sjó og landi. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir



[ ]

orðið hvað konurnar þar væru að hugsa. „Þeim líkaði það ekki allskostar og urðu feimnar, ætli mér verði nokkuð boðið aftur í félagsvist,“ segir Jón og krymtir í honum við tilhugsunina.

Í stofunni hangir uppi á vegg félagsskírteini frá Sambandi íslenskra fiskframleiðenda frá 1991 og Jón vill segja frá tilurð þess. „Ég bað nú ekkert um að vera í þessu félagi skal ég segja þér, en þeir hjá SÍF notuðu fiskinn frá mér til að vinna á hann markaði erlendis. Þannig var að 1982 hafði ég 200 vetrarfóðraðar kindur og stundaði sjó. Þá fékk ég mér ráðskonu til hjálpar því þetta var fullmikið fyrir mig einan. Næsta áratuginn var ég svo alltaf með ráðskonu, nýja á hverju sumri og þær reru á sjóinn með mér og hjálpuðu til í heyskap. Þessi fiskur sem við veiddum, ég og ráðskonurnar, var verkaður í sjóhúsinu hérna fyrir neðan. Ég hafði löngum verið utar á sjónum en aðrir og fiskað stærri fiska, 6 mílur frá Skrúð þar sem kölluð voru ráðskonumið af sveitungum mínum. Á þessum slóðum náðum við í fisk sem var ekki þaralitur líkt og fiskurinn innar úr firðinum, heldur hvítur. Við gerðum að þessu á landleið, ráðskonurnar stýrðu og ég gerði að. Þær hjálpuðu mér að landa og fóru svo heim að kokka á meðan ég var að klára að koma fiskinum í salt. Þessi fiskur fékk ekki að fara saman við annan fisk í fiskflutningaskipin á haustin.“ Friðrik Pálsson, forstjóri SÍF, hafði sagt Jóni að fiskurinn frá honum væri svo fallegur að gott þætti að vinna á hann markaði. Einn daginn fékk Jón sent félagsskjalið, svo sem eins og til viðurkenningar. Hann segist samt aldrei hafa fengið meira greitt fyrir sinn fisk en aðrir.

### **Orgelspil og gömul fiskimið**

Virðulegt organ stendur í stofunni og hefur verið í brúki síðustu árin frá því húsráðandi tók upp á því að læra nótur og fíkra sig áfram í spilamennsku.

„Þegar ég var áttatíu ára og búinn að vera einsetumaður í yfir tuttugu ár hér á Eyri þótti mér allt orðið eitthvað svo þungt. Maður var einn á 6 tonna trillu að róa og mér fannst svo erfitt að eiga við þetta. Svo ég seldi bara allt saman. En þegar ég var búinn að losa mig við ærnar, þessar 200 skjátur sem ég átti, og báturinn var farinn, kom í ljós að það passaði ekki fyrir mig að sitja svona, eins og á elliheimili. Svo ég fékk mér tölvu og fór á tölvunámskeið og fór að setja á blað svona gamalt eitthvað, minningar og frásagnir. Nettengingin mín fór því miður veg allrar veraldar og þá hugsaði ég að eitthvað fleira yrði ég að gera og fékk mér landnámsþætur. Það var ekki nóg. Ég fór í tónlistarskólann yfir á Búðum 85 ára gamall og hóf að læra nótturnar. Síðan hef ég haft nóg að gera. Ég er að reyna að spila og gríp svo í að setja minningar niður á blað.“ Hann er enn í orgelnáminu og segist ekki hætta meðan hann sé uppistandandi.

### **Radíóið fælir varginn frá**

Eftir að báturinn var seldur fór Jón að stella við æðarvarp neðan við bæinn. Það gekk þó brösuglega því varpið var ofsótt af tófum, hröfnum og minkum og uppbyggingin því heldur hæg. Þegar vargurinn rænir tekur þrjú ár fyrir varpið að jafna sig. Varpíð hjá Jóni var jafnan rænt að hluta og því lagðist það ekki af þó nærri væri gengið. Honum þótti orðið sárgrætilegt að horfa upp á þessa rányrkju og vildi gera eitthvað alvarlegt í málinu. Í fyrravetur frétti hann af því að vargi væri haldið frá æðarvarpi á Langanesi með radíói úr gjallarhorni. „Ég smíðaði í hlöðunni minni palla og stiga alveg upp í loftræstinguna í þakinu og setti þar upp mikið gjallarhorn með gömlu gufunni. Tófan kemur nú ekki nær en 2 km, hrafninn ekki nær en 3 km og mófuglinn hefur eftir þetta gert mikið í því að syngja fyrir mig. Radíóið gekk nótt og dag með morgunleikfimi, andakt og öllu saman. Ég kveikti á þessu 10. maí og hafði fram í júní og misfórst ekki eitt einasta hreiður.“ Jón fékk 13 kíló af dúni sl. sumar og varpið fer stækkandi. Hann ól í byrjun upp 30 æðarunga í kofa heim við hús. Svo fylgdi hann þeim í fjöruna og kenndi þeim að fara út í sjóinn. Þegar nóg var komið kallaði hann ungana upp í fjöruna og þeir fylgdu honum heim aftur. Ef fyrir kom að matardallar þeirra í skemmuni tæmdust, fór einn á stjá til að finna Jón og gera viðvart um matarskort. Þessir fuglar eru að hans sögn enn við fjörunar og byrja að verpa næsta vor.

„Ég hef meira en nóg að gera. Hef t.d. sótt mér norður í hauga krossviðarplötur sem er verið að henda, sagað þær niður í búta og bý til skjól fyrir varpið. Ég sló með orfi og ljá í sumar til að eiga í hreiðrin næsta vor.

Svo skipaði Þórhallur Vilmundarson prófessor mér fyrir þremur árum að skrifa niður fiskimiðin gömlu sem róið var á frá Fáskrúðsfirði, því þau (örnefni, innsk. blm.) séu að glatast. Þetta er snúið verkefni en ég er kominn af stað. Þegar ég verð búinn að þessu og kominn með þær endurminningar á blað sem gott þykir, örnefni á Eyri og Vattarnesi og sögukorn ýmis, ætla ég að gefa þetta út á bók.“ Hann segist hafa þótt sæmilegur stílisti í skóla, en ekki haft vit á að leggja slíkt fyrir sig. Það er þó óhætt að segja að hann skrifar bæði á forvitnilegan og fallegan máta.

## **Blóðtappar eru minnislyklar**

Jón sækir sér fisk í soðið en fer þess utan ekki oft á sjó lengur. Hann segist hvorki brennivíns-, tóbaks- né kaffimaður að neinu ráði og hafi alltaf farið með þetta þrennt í mesta hófi. „Enda er ég 87 ára alveg stálhraustur!“ Hann varð fyrir því haustið 2002 að fá blóðtappa í heila heima og lá aleinn og bjargarlaus um tíma. „Ég var orðinn verulega aðþrengdur eftir þrjá daga þegar ég gat loksins skreiðst á klósett og í eldhús til að ná mér í næringu,“ rifjar Jón upp og hryllir sig. Viku síðar, þegar vistir voru þrotnar, mannaði hann sig upp í að keyra á Stöðvarfjörð eftir matföngum. Ástandið smálagaðist af sjálfu sér, en tæpum tveimur mánuðum síðar fékk hann annað áfall. Þá lá hann aftur í þrjá daga. Tíu dögum eftir það fór hann fyrst til læknis og sagði farir sínar ekki sléttar. Hann aftók með öllu að láta leggja sig inn á sjúkrahús en sættist á sneiðmyndatöku norður á Akureyri. „Ég held að ég hafi reyndar aldrei verið eins minnisgóður og eftir þessa blóðtappa, þeir virka fyrir mig eins og módern minnislyklar í tölvuheimum!“ Jón hristist bókstaflega af hlátri að þessum orðum sögðum en verður jafnharðan brúnþungur þegar talið berst að einu hans hjartans mála; gamla oddvita- og félagsmálahugsunin tekur sig upp á ný. Honum er afar hugleikið að koma þurfi á fót tilkynningaskyldu fyrir gamalmenni og einyrkja, svona svipað og tilkynningaskylda skipa virki.

## **Gáð að gömlu og einu fólki**

„Tæknin er til staðar, þeir eru með skjá uppi á vegg fyrir skipin og ekkert annað að gera en setja upp annan skjá við hliðina fyrir gamla fólkið og einyrkjana. Þá geta þeir séð hvort fólkið hefur tilkynnt sig inn og látið athuga með það ef svo er ekki. Tilkynningaskyldan er núna laus við 1.400 trillur sem búið er að taka af veiðileyfið eða menn búnir að selja kvótann af. Þessar trillur eru allar komnar upp á gras. Einsetumenn, karlar og kerlingar, eru bara 400 á landinu. Starfsmenn Tilkynningaskyldunnar eru launaðir af ríkinu og ættu þess vegna bæði að geta fylgst með skipum og gömlu fólki.“

Aftanrökkrið er byrjað að vefa sig inn í daginn og tímabært að kveðja. Við komum aðeins við hjá landnámsþænum í hlöðunni þar sem búið er vel að þeim og tandurhreint eins og raunar í hverjum krók og kima hjá Eyrarbúanum. Hæurnar koma til Jóns og biðja um mjúka stroku og ljúfyrdi, sem þær fá refjalaust. Að skilnaði er blaðamaður leystur út með góðum óskum og eggjum í heimabaksturinn.

» „Mér fannst núna einn morguninn þegar ég var nývaknaður og gekk alveg hreint hrukkulaust að spila Lýs milda ljós, eins og verið væri að breiða yfir mig dúnsæng. Loksins skildi ég hvers virði tónlistin var. Hún er algjör lífsfylling.“

steinunn@mbl.is